svarað 17/5 63. gaf grein fyrir bryggjunni
til Ekkju Séra J. sál Þorleifssonar
eptir innlögðum uppteikningum
og beðinn að útvega generalkortinu.

Hruna 23. Mz 1863.

Elskulegi góði vinur!

„Penna- pappírs- tíðirlaus" — Það liggur við, að mig lángi til að byrja þannig, enn jeg þori það valla af því, að þó þú kunnir að skilja, að til að skrifa bréf þurfi penna og pappír, þá er óvíst að þú undirstandir, að til þess þurfi tíði, al den Stund einhvörr englendíngur ekki er búinn að uppgötva, að tíði verði haft fyrir blek. — Blek vantaði skáldið ekki, ekki heldur mig, og er ekki þarmeð sagt, að hann hafi verið, eða jeg sje, ofblekaður; enn eins og hann vantaði tíði, svo mig og einnig. — Svo stendur á, að nú eru flestir fótraggtar að sjá dregnir (cfr. „drage" á dönsku) og allar ferðir farnar, utan ein, sem orðið hefir þeirra, enn hún verður á morgunmane. — Nú er farið að skyggja, enn maður ekki örvirkur, og er því annaðhvort að gjöra, að skrifa í kvöld, eða ekki að sinni. Skilurðu nú nauðsyn tíðirsins? Enn þetta er með öllu illt; tíðirleysisins vegna verðurðu að sjá í gegnum fíngur, þó nokkra verk verði á bréfi þessu. — „Formálinn úti er."

Jeg sá þig í sumar, — hvort þú varst í líkama, veit jeg ekki, eða þú varst utan líkama, veit jeg ekki, — enn þetta veit jeg, að jeg gat ekkert við þig feingist, eða við þig talað, sem jeg þó hafði ætlað mér, og þurfti. Nú fékk jeg bréf frá þér í haust, 28. Sept., vinsamlegt